

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar 2005

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs fyrir janúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstökum liðum.

Samkvæmt uppgjörinu var breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 2,7 milljarða króna í mánuðinum, sem er 4,4 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en í janúar í fyrra. Útkoman er því sem næst í samræmi við áætlanir. Tekjur reyndust um 6,4 milljörðum hærri en í fyrra en gjöldin hækka um 0,6 milljarða. Hreyfingar á viðskiptareikningum urðu 1,3 milljörðum króna óhagstæðari. Hreinn lánsfjárfnuður var jákvæður um 5,9 milljarða króna en var neikvæður um 2,2 milljarða í fyrra. Hagstæðari staða nú skýrist einkum af hærri innheimtum afborgunum og jákvæðari tekjujöfnuði heldur en í fyrra.

**Heildartekjur** ríkissjóðs námu 29,9 milljörðum króna og hækkuðu um 6,4 milljarða króna frá fyrra ári eða um 27%. Skatttekjur ríkissjóðs námu 28,4 milljörðum króna sem er 28,8% hækkun frá síðasta ári eða um 23,8% meiri innheimta að raungildi. Innheimta skatta á tekjur og hagnað nam 16,3 milljörðum króna og hækkaði um 33,5% frá árinu á undan. Munar þar mestu um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en í janúar nam hún 8,8 milljörðum króna sem er 54,3% aukning frá sama tímabili árið á undan. Innheimta tryggingagjalda hækkaði einnig frá fyrra ári eða um 35,4%. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 6,6% á sama tímabili. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs jókst um 14,6% frá sama tíma í fyrra eða um 10,2% að raungildi. Þar af vegur aukin innheimta virðisaukaskatts þyngst eða 11,9%. Innheimta vörugjalda af ökutækjum jókst einnig mikið eða um 90,9% sem endurspeglar hliðstæða aukningu í innflutningi bifreiða, en í janúarmánuði fjölgaði nýskráningum bifreiða um 88,3% frá sama tíma í fyrra. Innheimta þungaskatts jókst jafnframt um 26,2%.

**Greidd gjöld** janúarmánaðar eru 25,3 milljarðar króna og hækka um 0,6 milljarða frá fyrra ári, eða um 2,4%. Aukningin kemur nær alfarið fram í vaxtagreiðslum sem hækka um 1,3 milljarða. Á móti vegur lækkun greiðslna til almannaþrygginga um 1,2 milljarða og til landbúnaðarmála um 0,7 milljarða króna. Hér er um tilfærslu milli mánaða að ræða.

**Lántökur** námu 11,6 milljörðum króna og runnu til að fjármagna 9 milljarða afborgun langtímaláns og 2,6 milljarða forinnlausn spariskírteina. Að auki voru stutt innlend lán greidd niður um 3,4 milljarða króna. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 0,3 milljarða í janúar 2005.

### Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar 2005 (í milljónum króna)

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Innheimtar tekjur.....	17.579	18.622	19.202	24.204	29.894
Greidd gjöld.....	15.748	17.874	19.485	24.737	25.338
<b>Tekjujöfnuður.....</b>	<b>1.831</b>	<b>748</b>	<b>-283</b>	<b>-533</b>	<b>4.556</b>
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl. ....	-21	-15	-	-672	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	-2.041	-1.275	-3.359	-590	-1.901
<b>Handbært fé frá rekstri.....</b>	<b>-231</b>	<b>-542</b>	<b>-3.642</b>	<b>-1.795</b>	<b>2.655</b>
<b>Fjármunahreyfingar.....</b>	<b>369</b>	<b>389</b>	<b>644</b>	<b>204</b>	<b>3.219</b>
<b>Hreinn lánsfjárfnuður.....</b>	<b>138</b>	<b>-153</b>	<b>-2.998</b>	<b>-1.591</b>	<b>5.874</b>
<b>Afborganir lána.....</b>	<b>-447</b>	<b>-389</b>	<b>-324</b>	<b>-17</b>	<b>-11.135</b>
Innanlands.....	-447	-389	-324	-17	-2.142
Erlendis.....	-	-	-	-	-8.994
<b>Greiðslur til LSR og LH.....</b>	<b>-1.250</b>	<b>-750</b>	<b>-625</b>	<b>-625</b>	<b>-</b>
<b>Lánsfjárfnuður. brúttó.....</b>	<b>-1.559</b>	<b>-1.292</b>	<b>-3.947</b>	<b>-2.233</b>	<b>-5.261</b>
<b>Lántökur.....</b>	<b>3.369</b>	<b>4.400</b>	<b>5.964</b>	<b>7.674</b>	<b>5.563</b>

Innanlands.....	3.370	4.418	5.979	8.012	-3.431
Erlendis.....	-1	-15	-14	-338	8.994
<b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....</b>	<b>1.810</b>	<b>3.107</b>	<b>2.017</b>	<b>5.442</b>	<b>302</b>

### **Tekjur ríkissjóðs janúar** (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
<b>Skatttekjur í heild.....</b>	<b>18.216</b>	<b>22.028</b>	<b>28.367</b>	<b>5,9</b>	<b>3,3</b>	<b>20,9</b>	<b>28,8</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað.....</b>	<b>11.230</b>	<b>12.204</b>	<b>16.295</b>	<b>20,5</b>	<b>5,5</b>	<b>8,7</b>	<b>33,5</b>
Tekjuskattur einstaklinga.....	6.072	6.149	7.045	17,4	13,2	1,3	14,6
Tekjuskattur lögaðila.....	-19	319	397	-76,7	-116,3	-1.745,3	24,4
Skattur á fjármagnstekjur og fl .....	5.177	5.736	8.852	37,6	0,4	10,8	54,3
<b>Tryggingagjöld.....</b>	<b>1.401</b>	<b>1.998</b>	<b>2.705</b>	<b>2,3</b>	<b>-23,5</b>	<b>42,6</b>	<b>35,4</b>
<b>Eignarskattar.....</b>	<b>436</b>	<b>454</b>	<b>929</b>	<b>-37,4</b>	<b>16,0</b>	<b>4,1</b>	<b>104,8</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu.....</b>	<b>5.119</b>	<b>7.332</b>	<b>8.405</b>	<b>-11,8</b>	<b>8,0</b>	<b>43,2</b>	<b>14,6</b>
Virðisaukaskattur.....	2.490	4.387	4.908	-15,9	-6,1	76,2	11,9
Aðrir óbeinir skattar.....	2.628	2.946	3.497	-6,1	25,9	12,1	18,7
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	201	318	607	-31,9	18,9	58,2	90,9
Vörugjöld af bensíni.....	510	782	818	0,2	-7,4	53,3	4,6
Þungaskattur.....	247	187	236	-25,1	27,3	-24,3	26,2
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	819	813	793	3,8	101,7	-0,7	-2,5
Annað.....	852	845	1.043	-1,3	11,1	-0,8	23,4
<b>Aðrir skattar.....</b>	<b>30</b>	<b>40</b>	<b>33</b>	<b>-9,3</b>	<b>-21,6</b>	<b>35,7</b>	<b>-17,2</b>
<b>Aðrar tekjur.....</b>	<b>986</b>	<b>1.506</b>	<b>1.527</b>	<b>5,9</b>	<b>-0,9</b>	<b>52,7</b>	<b>1,4</b>
<b>Tekjur alls.....</b>	<b>19.202</b>	<b>23.534</b>	<b>29.894</b>	<b>5,9</b>	<b>3,1</b>	<b>22,6</b>	<b>27,0</b>

### **Gjöld ríkissjóðs janúar** (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
<b>Almenn mál.....</b>	<b>1.734</b>	<b>2.534</b>	<b>2.760</b>	<b>25,1</b>	<b>-5,1</b>	<b>46,1</b>	<b>8,9</b>
Almenn opinber mál.....	1.091	1.434	1.642	30,8	-13,7	31,4	14,5
Löggæsla og öryggismál.....	642	1.100	1.118	14,0	14,1	71,2	1,6
<b>Félagsmál.....</b>	<b>12.491</b>	<b>17.010</b>	<b>16.737</b>	<b>19,6</b>	<b>21,3</b>	<b>36,2</b>	<b>-1,6</b>
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	2.967	4.974	5.399	19,5	3,3	67,6	8,5
Heilbrigðismál.....	4.355	5.986	6.451	20,9	8,7	37,4	7,8
Almannatryggingamál.....	4.615	5.274	4.107	11,7	64,4	14,3	-22,1
<b>Atvinnumál.....</b>	<b>2.204</b>	<b>3.289</b>	<b>2.639</b>	<b>-6,4</b>	<b>-18,2</b>	<b>49,2</b>	<b>-19,8</b>
Þar af: Landbúnaðarmál.....	808	1.486	793	-29,7	-18,5	84,1	-46,6
Samgöngumál.....	842	1.176	1.199	39,9	-18,1	39,6	2,0
<b>Vaxtagreiðslur.....</b>	<b>1.679</b>	<b>909</b>	<b>2.190</b>	<b>5,4</b>	<b>-9,2</b>	<b>-45,8</b>	<b>140,9</b>
<b>Aðrar greiðslur.....</b>	<b>1.377</b>	<b>995</b>	<b>1.012</b>	<b>15,5</b>	<b>14,0</b>	<b>-27,7</b>	<b>1,7</b>

<b>Greiðslur alls.....</b>	<b>19.485</b>	<b>24.737</b>	<b>25.338</b>	<b>13,5</b>	<b>9,0</b>	<b>27,0</b>	<b>2,4</b>
----------------------------	---------------	---------------	---------------	-------------	------------	-------------	------------